

Ed. 145. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Fhm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „12 af þúsundi“ í niðurlagi 1. gr. laganna komi: 36 af þúsundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tekjur sýsluvegasjóða miðast við ákveðið hundraðsgjald af fasteignum í viðkomandi sveitarfélögum. Sýslunefndir ákveða upphæð þess árlega, þó með þeim takmörkunum, sem lög segja til um.

Þar sem kostnaður við vegagerð hefur vaxið ár frá ári, en mat fasteigna er hins vegar óbreytt um lengri tíma, þá virðist óhjákvæmilegt að hækka nokkuð álagningarheimild sýslunefndanna.